Handbók um listina að spyrja



Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands hefur gefið út bókina Listin að spyrja eftir Ingvar Sigurgeirsson, dósent við skólann. Um er að ræða handbók fyrir kennara þar sem leiðbeint er um hvernig beita megi umræðum í kennslu. Í bókinni er m.a. fjallað um eðli og gerð spurninga, umræðu- og spurningatækni og samræðu- og spurnaraðferðir. Bókin fæst í bóksölu kennaranema, Bóksölu stúdenta, öllum stærri bókaverslunum og hjá Rannsóknarstofnuninni.

Kvikmyndafræðafélag stofnað

Ákveðið hefur verið að stofna Hið íslenska kvikmyndafræðafélag. Stofnfundur hefur verið ákveðinn miðvikudaginn 8. maí næstkomandi á Kornhlöðuloftinu. Framkvæmdanefnd sú sem skipuð var á óformlegum stofnfundi félagsskaparins á 100 ára afmælisdegi kvikmyndarinnar 28. desember sl. hefur undirbúið hinn eina sanna stofnfund. Í nefndinni sátu Anna Sveinbjarnardóttir, Böðvar Bjarki Pétursson, Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Þorvarður Árnason.

Tónlistarmenn skora á RÚV

Félag íslenskra tónlistarmanna, FÍH, hefur sent frá sér áskorun þar sem forráðamenn og dagskrárgerðarmenn Ríkisútvarps og Sjónvarps eru beðnir að virða kjarasamninga á milli RÚV og FÍH. Tónlistarmenn mótmæla þeim aðferðum sem viðhafðar eru hjá RÚV þ.e. að tónlistarmenn undirskrifi yfirlýsingu þess efnis að þeir afsali sér launum sínum.

„Tæknimaðurinn fær laun, förðunardaman fær laun, ræstitæknirinn fær laun, dagskrárgerðarfólkið fær laun, útvarpsstjóri fær laun. Af hverju ekki hljómlistarmaðurinn?" segir m.a. í áskoruninni. FÍH hvetur félagsmenn sína til að taka einungis að sér störf hjá RÚV ef tryggt sé að greitt verði eftir kjarasamningum. **-bjb**

Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn frá 1993:

44 milljónir króna fram úr

– samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar

Íslenski dansflokkurinn og Listdansskóli Íslands fóru 44 milljónir króna fram úr fjárheimildum árin 1993, 1994 og 1995. Skiptingin er þannig að 1993 var farið 10,8 milljónir fram úr, 12,2 milljónir árið 1994 og 21,3 milljónir á síðasta ári. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga árið 1995. Dansflokkurinn og Listdansskólinn eru í hópi 44 stofnana og fjárlagaliða sem fóru 5 milljónir eða meira fram úr fjárheimildum síðasta árs.

Þessar stofnanir danslistarinnar eru þær einu úr röðum opinberra menningarstofnana sem lent hafa á lista Ríkisendurskoðunar yfir meiri framúrkeyrslur en 5 milljónir frá árinu 1993. Þær eiga þó ekki metið á síðasta ári hvað stofnanir varðar sem heyra undir menntamálaráðuneytið. Þjóðarbókhlaðan fór þá 56 milljónir fram úr heimildinni sem var upp á 39 milljónir. Umframkeyrsla dansflokksins og Listdansskólans í fyrra, 21,3 milljónir, nemur 51,5% af fjárheimild.

Af öðrum menningarstofnunum sem fóru fram úr fjárheimild á síðasta ári má nefna Þjóðleikhúsið, sem fór 13,2 milljónir umfram 312 milljóna heimild, Þjóðskjalasafnið, sem fór 5 milljónir umfram 64 milljóna heimild, og fjárlagaliðinn „ýmis fræðistörf" sem nam 13,8 milljónum umfram 19,8 milljóna króna heimild.

-bjb

Samsýning í Ásmundarsafni:

Kálgarður tilverunnar með Finnu og Ásmundi

Listamennirnir Finna Birna Steinsson og Ásmundur Sveinsson leiða saman hesta sína í Ásmundarsafni í Sigtúni þessa dagana en samsýning þeirra hófst um síðustu helgi og stendur til 19. maí nk. Sýningin ber yfirskriftina Kálgarður tilverunnar.

Á síðasta ári samþykkti stjórn Ásmundarsafns þær breytingar á starfsemi safnsins að efna árlega til samsýninga í Ásmundarsafni þar sem stefnt væri saman verkum eftir Ásmund og verkum eftir framsækna yngri listamenn.

Að þessu sinni ákvað stjórnin að bjóða Finnu Birnu að sýna verk sín í nábýli við verk Ásmundar. Finna Birna hefur á síðastliðnum árum vakið athygli fyrir frumleg og stórbrotin umhverfisverk, ýmist úti í náttúrunni eða hér í borgarlandinu. Má þar nefna þegar hún merkti Vatnsdalshólana í Húnavatnssýslu, málaði brýrnar í Norðurárdal í Borgarfirði og setti upp þúfur á Kjarvalsstöðum á Listahátíð 1994.

Og enn og aftur verða þúfur Finnu Birnu að yrkisefni. En nú eru þær úr gifsi í samspili við ljósmyndir, innanhúss í Ásmundarsafni. Með þessari náttúruvísun tengist hún listsköpun Ásmundar Sveinssonar en hann vann verk sín formrænt séð og inntakslega oft og iðulega út frá náttúrunni en þó út frá öðrum forsendum en Finna Birna.

Á þessari sýningu mætast tveir listamenn, tvö myndmál, tveir tímar sem þó eiga sér sameiginlegan uppruna.



Finna Birna Steinsson við eitt verka sinna á sýningunni í Ásmundarsafni. DV-mynd GS



Tónleikar fyrir tvö píanó

– Steinunn Birna og Þorsteinn Gauti í Óperunni í kvöld

Viðburður í íslensku tónlistarlífi verður í Íslensku óperunni í kvöld þegar Þorsteinn Gauti Sigurðsson og Steinunn Birna Ragnarsdóttir leika saman á 2 píanó. Tónleikarnir eru haldnir á vegum Styrktarfélags Íslensku óperunnar. Þetta eru sérstakir tónleikar að því leyti að 19 ár eru liðin frá því íslenskir tónlistarmenn léku síðast saman á 2 píanó, þeir Gísli Magnússon og Halldór Haraldsson. Á efnisskránni í kvöld verða mörg þekktustu verk sem samin hafa verið fyrir tvö píanó. Má þar nefna Sónötu í D-dúr fyrir tvö píanó eftir Mozart, Fantasíu í f-moll eftir Schubert, Scaramouche eftir Daris Milhaud og Consertino fyrir tvö píanó eftir Shostakovitsj, sem er frumflutt hér á landi. Steinunn Birna og Þorsteinn Gauti hafa starfað saman undanfarin ár og hvort um sig átt glæsilegan feril. Þau hafa víða komið fram, bæði sem einleikarar með Sinfóníuhljómsveit Íslands og á tónleikum víða hérlendis og erlendis. Þá hafa þau bæði leikið inn á geislaplötur og sigrað í ýmsum tónlistarkeppnum. Þau starfa við Tónlistarskólann í Reykjavík. Tónleikarnir í Íslensku óperunni hefjast kl. 20.30 í kvöld. Steinunn Birna og Þorsteinn Gauti eru hér á æfingu fyrir tónleikana. -bjb/DV-mynd GS

Sjaldgæfar íslenskar bækur til sölu

Á vegum Damms Antikvariat fer fram uppboð á Grand Hotel í Osló nk. föstudag á fornum bókum og handritum. Í þeim hópi eru íslensk rit fjölmenn, m.a. nokkrar Íslendingasögur eins og Egilssaga, Gunnlaugs saga Ormstungu, Landnáma, Heimskringla Snorra Sturlusonar og fleiri rit eftir Snorra. Einnig eru til sölu íslenskar sálmabækur frá 18. öld sem prentaðar voru á Hólum. Verðið sem sett er á þessi fornrit er allt að 100 þúsund krónur.

Dagur bókarinnar 23. apríl

Eftir nákvæmlega viku, eða 23. apríl, verður dagur bókarinnar haldinn hátíðlegur um heim allan. UNESCO hefur ákveðið að gera þennan dag að alþjóðlegum degi bóka og höfundaréttar. Þessi dagur er bæði fæðingar- og dánardagur margra helstu rithöfunda fyrr og nú, m.a. er þetta fæðingardagur Halldórs Laxness.

Stjórn Bókasambands Íslands hefur af þessu tilefni ákveðið að standa fyrir kynningu á íslenskum bókmenntum og bókagerð þennan dag. Rithöfundar munu lesa úr verkum sínum á völdum kaffihúsum og á sömu stöðum mun tónlistarmaður syngja söng bókarinnar. Bókaútgefendur verða með sérstakan afslátt á íslenskum bókum, bókasöfnin minna sérstaklega á dag bókarinnar, Thor Vilhjálmsson flytur ávarp í fjölmiðlum, prentsmiðjur auglýsa starfsemi sína og Samtök iðnaðarins ætla að afhenda bókaverðlaun.

Stuttmyndamaraþon í Hafnarfirði

Menningardagar unglinga í Hafnarfirði hafa staðið yfir að undanförnu. Í gær hófst stuttmyndamaraþon sem félagsmiðstöðvarnar Vitinn og Verið sjá um. Maraþoninu lýkur á morgun. Keppendur mæti í Vitann og Verið og afhenta 5 mínútna langa spólu og verkefni, sem er leyndarmál. Hægt er að fá lánaða upptökuvél. Keppendur fá 3 klst. til að leysa verkefnið en skila síðan inn spólunni. Keppnin er ætluð hópum, 2-4 í hóp, og er ókeypis. Hafnfirskir unglingar voru undirbúnir fyrir maraþonið með stuttmyndanámskeiði sem fram fór um helgina.

Nýtt hefti Griplu komið út



Út er komið 9. bindi tímaritsins Griplu sem gefið er út af Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Gripla flytur margvíslegt efni á fræðasviði stofnun-arinnar, sérstaklega rannsóknir á handritum, útgáfur á áður óprentuðum heimildum, ritgerðir um bókmenntir fyrri alda, málsögu og sagnfræði. Ritstjórn Griplu skipa dr. Sverrir Tómasson, Margrét Eggertsdóttir cand. mag. og Guðvarður M. Gunnlaugsson cand. mag. sem öll eru sérfræðingar við Árnastofnun.

Að þessu sinni eru 8 ritgerðir í Griplu. Höfundar þeirra eru Guðrún Ása Grímsdóttir, Jon Gunnar Jørgensen, Margrét Eggertsdóttir, Guðrún Nordal, Kari Ellen Gade, Marianne E. Kalinke, Gísli Sigurðsson og Ólafur Halldórssson en Ólafur ritar minningargrein um málfræðinginn Christian Westergård-Nielsen.

-bjb